

# Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 24. apríl 2006

Dagskrá aðalfundar er skv 8. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur félagsins
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins
4. Lagabreytingar
5. Nefndastörf
6. Umræður og afgreiðsla mála
7. Kosning stjórnar, varastjórnar og fræðslunefndar.
8. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.
9. Önnur mál.

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa var haldinn í Tæknigarði við Dunhaga 28. apríl 2005. Á fundinum gaf formaður félagsins kost á sér til endurkjörs auk tveggja stjórnarmanna.

Jónína Kárdal, Háskóla Íslands, var kjörin formaður FNS. Gunnlaug Hartmannsdóttir og Eyrún Valsdóttir gáfu kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Ágústa Ingbórsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir voru kjörnar í stað Hrafnhildar Tómasdóttur og Ingu Þóru Ingadóttir.

## **Stjórn FNS var þannig skipuð s.l. starfsár:**

Jónína Kárdal, formaður

Gunnlaug Hartmannsdóttir, Mími símenntun, varaformaður

Ágústa Ingbórsdóttir, Borgarholtsskóla, meðstjórmandi

Guðrún Kristinsdóttir, Ártúnsskóla, ritari

Eyrún Valsdóttir, Háskólanum í Reykjavík (Tækniháskólanum), gjaldkeri

Hanna Lilja Jóhannsdóttir og Þóra Stephensen gáfu ekki kost á sér til endurkjörs í varastjórn. Í þeirra stað voru kjörin Agnes Ósk Snorradóttir, Fjölbrautarskóla Suðurlands og Heimir Haraldsson, Húsaskóla.

Valgeir Bl. Magnússon, Svæðisvinnumiðlun Norðurlands eystra gaf kost á sér áfram til setu í fræðslunefnd og úr nefndinni stigu Fjóla María Lárusdóttir, Valborg Baldvinsdóttir og Þórdís Guðmundsdóttir sem hafði verið kölluð til starfa í fræðslunefnd. Hrafnhildur Jósefsdóttir, Flensborgarskólanum og Ingibjörg Bragadóttir, Foldaskóla gáfu kost á sér í fræðslunefnd auk þess sem að Guðrún Björg Karlsdóttir, Laugalækjarskóla var kölluð til starfa á vori 2006.

Endurskoðendur voru kosnir Þórarinn Þórarinsson og til vara Björg Birgisdóttir og Guðmundur Páll Ásgeirsson.

Úr stjórn gengu Hrafnhildur Tómasdóttir og Inga Þóra Ingadóttir ásamt Hönnu Lilja Jóhannsdóttur og Þóru Stephensen úr varastjórn. Úr fræðslunefnd gengu Fjóla María Lárusdóttir, Valborg Baldvinsdóttir og Þórdís Guðmundsdóttir. Eru þeim færðar hugheilar þakkir fyrir að taka að sér forystuhlutverk fyrir FNS og vinna óeigingjarnt starf í þágu félagsins og fagstéttarinnar. Reynsla þeirra hefur svo sannarlega haft áhrif innan félagsins.

## Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skipti hún með sér verkum á eftirfarandi hátt; Gunnlaug Hartmannsdóttir, varaformaður, Ágústa Ingbórsdóttir, meðstjórnandi, Eyrún Valsdóttir, gjaldkeri og Guðrún Kristinsdóttir, ritari. Agnes Ósk Snorraddóttir í varastjórn tók að sér að halda utan um félagatal FNS í samstarfi við gjaldkera. Stjórnin hélt 11 stjórnarfundum á liðnu starfsári auk þess sem meðlimir stjórnar og fræðslunefndar funduðu þess á milli um ýmis aðkallandi verkefni. Fræðslunefnd og varastjórn voru boðuð á alla stjórnarfundum. Stjórn, varastjórn og fræðslunefnd var virk í því að nota rafræna miðla til að koma upplýsingum sín á milli.

## Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári voru:

1. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa.
2. Áskorun námsstefnu FNS í maí.
3. Beiðnir Alþings um álitserðir vegna þingsályktunartillagna
4. Kynningar á námi í framhaldsskólum.
5. Síðareglur fyrir náms- og starfsráðgjafa (starfshópur)
6. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar
7. FNS- norðan heiða
8. Samstarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar
  - Akademia
  - Upplýsingagjöf
  - Leonardo mannaskiptaverkefni
  - Stuðningur
9. Umsagnir um námsefni
10. Kjara- og hagsmunamál (fulltrúar)
11. Félagatal og félagsaðild FNS
12. Fjárreiður og félagsgjöld FNS
13. Sí- og endurmenntun félagsmanna
  - a. Vettvangsnám fyrir náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum.
  - b. Leonardo mannaskiptaáætlun
  - c. Umsókn til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla
14. Styrkir til FNS
15. Norrænt samstarf
16. Önnur verkefni
17. Útrás
  - a. Vika símenntunar
  - b. Kynning á Ísland í dag.
  - c. Hádegisfundur BHM
  - d. Menntadagur iðnaðarins
  - e. Starfsdagur málmiðnaðarins
  - f. Náum áttum – vinna ungs fólks
  - g. Útvarp Suðurland – Að leggja orð í belg
  - h. Málþing Leonardo

Félagsmenn FNS hafa tekið þátt í ýmsum nefndum og starfshópum fyrir hönd félagsins. Það er ljóst að það skiptir afar miklu máli að FNS eigi fulltrúa í neðangreindum nefndum. Með því er hægt að tryggja að rödd fagstéttarinnar heyrir og að hagsmunum félagsmanna og ráðþega þeirra sé komið á framfæri. Eftirfarandi félagsmönnum eru færðar þakkir fyrir þeirra störf:

1. Björg Kristjánsdóttir, MH, í skólamálanefnd FF
2. Ragnheiður Bóasdóttir, FÁ, í kjaranefnd FF
3. Toby Herman, MR, í sjúkrasjóði KÍ
4. Ágústa E. Ingbórsdóttir, Borgarholtsskóla, fulltrúi FNS í nefnd Landlæknisembættisins um varnir gegn sjálfsvígum.

5. Fulltrúar FNS í Norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa eru:  
Anna Sigurðardóttir, Kennaraháskóla Íslands og Gunnlaug Hartmannsdóttir Skýrsla Önnu og Gunnlaugar um norrænt samstarf er hluti ársskýrslu FNS.

Hér fylgir umfjöllun um meginviðfangsefni stjórnar FNS og þess sem hæst bar á liðnu starfsári.

## 1. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa

Stjórn FNS hefur áfram lagt höfuðáherslu á þá kröfu félagsins að lögvernda beri starfsheiti náms- og starfsráðgjafa. Eins og getið var í ársskýrslu 2005 áttu sér stað fundir við menntamála- og félagsmálaráðherra vegna lögverndunar á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa. Áfram hefur verið unnið að því að veita þessu framfaramáli brautargengi og nú á vordögum áttu fulltrúar stjórnar FNS fund með Eiríki Jónssyni, formanni Kennarasambands Íslands og síðar nefnd um endurskoðun laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskóla- og framhaldsskólakennara. Eiríkur Jónsson á sæti í nefnd um endurskoðun og hefur hann verið FNS góður liðsmaður í því að kynna þetta mál. Á þessum fundum ítrekaði stjórn FNS þau rök sem mæla með lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa. Erindi FNS var vel tekið og nú skiptir máli að fylgja því eftir og fá fleiri til fylgis innan stjórnkerfis menntamála og sveitastjórna. Það skiptir mjög miklu máli varðandi ferli lögverndunar að stjórn og félagsmenn FNS vinni því fylgi með því að kynna markvisst þetta framfaramál sem lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa er.

## 2. Áskorun námsstefnu FNS í maí 2006

Að lokinni námstefnu FNS vorið 2005 var svohljóðandi áskorun send til menntamálaráðherra, Kennarasambands Íslands og til fjölmíðla:

### Ályktun Námsstefnu Félags náms- og starfsráðgjafa Náms- og starfsráðgjöf – frá skóla til atvinnulífs

„Viða um heim er litið á markvissa náms- og starfsráðgjöf sem lykil framþróunar í mennta- og vinnumarkaðsmálum, almenningi til heilla.

Íslenskt þjóðfélag er stutt mitt í hringiðu samfélagslegra breytinga. Hagkerfið er að breytast úr iðnaðarhagkerfi yfir í þekkingarhagkerfi þar sem menntun skilur á milli þeirra þjóða sem eru að ná efnahagslegri velsæld og hinna sem eru skemmra á veg komnar.

Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að 40% vinnuafls hefur aðeins lokið grunnskólaprófi og brottfall úr framhaldsskóla er alvarlegt samfélagslegt vandamál sem þarf að leysa. Náms- og starfsráðgjafar eru tilbúnir að vera þar í lykilhlutverki en til að ná árangri þarf að sameina krafta allra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Með samvinnu og sameinuðu átaki gegn brottfalli aukast líkur á farsæld einstaklinga um leið og menntunarstig þjóðarinnar eflist og hækkar.

Stórefla þarf vinnumarkaðsrannsóknir til að spá fyrir um framtíðarþróun og þörf fyrir vinnuafl. Gera þarf menntakerfið aðgengilegra, auka fjölbreytni í námsvali og gefa einstaklingum tækifæri til að skrá raunfærni sína og fá hana metna í atvinnulífinu og/eða til styttingar á námi.

Stórauka þarf hlut iðn- og starfsmenntunar í íslensku menntakerfi svo mikilvægt hug- og verksvit hverfi ekki úr samfélaginu. Draga þarf úr

áherslu samræmdra prófa við lok grunnskóla og koma í veg fyrir að þau stýri áherslum í námi og viðhorfum nemenda til frekara náms.

Mjög brýnt er að náms- og starfsfræðsla verði skyldunámsgrein í grunn- og framhaldsskólum og efla þarf til muna aðgengi almennings að markvissri náms- og starfsráðgjöf utan hins formlega skólakerfis.

Félag náms- og starfsráðgjafa kallar eftir virku samstarfi við stefnumótunaraðila í mennta-, félags-, og atvinnumálum og lýsir sig reiðubúið að leggja fram krafta sína í þágu almennings, atvinnulífs og menntakerfis.”

Með þessari ályktun var stigið ákveðið skref gagnvart því að rödd Félags náms- og starfsráðgjafa hljómi hærra og atriði nefnd sem skipta nemendur og einstaklinga íslensks þjóðfélags gríðarlega miklu máli. Vitnað hefur verið til þessara áskorunar á Alþingi Íslendinga og hún haft þar ákveðin áhrif.

### **3. Beiðnir Alþings um álitserðir vegna þingsályktunartillagna og eftirfylgni.**

Á þessu starfsári hefur Alþingi beiðið Félag náms- og starfsráðgjafa að senda álitserðir vegna fjögurra þingsályktunartillagna auk þess sem FNS lagði inn eina álitserð að eigin frumkvæði.

1. Umsögn um þingskjal 7 – 7. mál á 132. löggjafarþingi 2005-2006  
Þingsályktunartillaga um nýtt tækifæri til náms
2. Umsögn um þingskjal 14-14. mál á 132. löggjafarþingi 2005-2006  
Þingsályktunartillaga um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum
3. Umsögn um þingskjal 25- 25. mál á 132. löggjafarþingi 2005-2006  
Tillaga til þingsályktunar um fullorðinsfræðslu
4. Umsögn um þingskjal 67 – 67. mál á 132. löggjafarþingi 2005-2006  
Þingsályktunartillaga um mat á framtíðarhorfum og mannaflapörf í atvinnugreinum.
5. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum. Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006

Í þingsályktunartillögu um mat á framtíðarhorfum og mannaflapörf í atvinnugreinum er mælt til að samráð verði haft við Félag náms- og starfsráðgjafa um tilhögun og framtíðarþróun þessa verkefnis. Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður hafði frumkvæði að því að leggja þessa tillögu fram og hafði samráð við formann FNS og Námsráðgjöf Háskóla Íslands við samningu þess. Það er einnig mikil ánægja að í þingsályktunartillögunni er vísað til ályktunar námsstefnu FNS vorið 2005 þar sem fram kemur að víða um heim sé litið á markvissa náms- og starfsráðgjöf sem lykil að framþróun í mennta- og vinnumarkaðsmálum, almennings til heilla. Jafnframt kemur fram í ályktuninni að stórefla þurfi vinnumarkaðsrannsóknir til að spá fyrir um framtíðarþróun og þörf fyrir vinnuafli.

Formaður og varaformaður voru boðaðir á fund menntamálanefndar Alþingis í mars til að mæla fyrir umsögn FNS um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum og svara spurningum.

Með því að slá inn þingsályktunarnúmer ofangreindra tillagna geta félagsmenn fylgst með gangi mála og hvar þau eru stödd varðandi afgreiðslu Alþingis.

### **4. Kynningar á námi í framhaldsskólum**

Á síðasta starfsári vöktu félagsmenn og stjórn FNS máls á fyrirkomulagi kynninga á námsframboði í framhaldsskólum. Í kjölfar þess voru nokkrir fundir haldnir með fulltrúum menntamálaráðuneytisins auk fundar með fulltrúa Heimilis og skóla sem leiddi til kynningarfundar menntamálaráðuneytisins á rafrænni skráningu 10. bekkinga fyrir náms- og starfsráðgjafa.

Til að fylgja eftir framkomnum hugmyndum um breytt fyrirkomulag á framhaldsskólakynningum fyrir nemendur 10. bekkjar grunnskólans hefur Ágústa E. Ingbórsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í Borgarholtsskóla, tekið að sér fyrir hönd FNS að kynna þær innan Menntamálaráðuneytisins og leita eftir samþykki skólastjórnenda til þess að hægt væri að hrinda þeim í framkvæmd á næsta skólaári. Hugmyndirnar eru eftirfarandi:

1. Framhaldsskóladaður: Haldinn fyrsta laugardag í október kl. 11 - 17 (t.d. í Laugardalshöll). Hér kynna allir framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu starfsemi sína. Framhaldsskólar á landsbyggðinni gætu einnig tekið þátt í þessum degi í Reykjavík, verið með kynningu á sama tíma í sínu byggðarlagi eða útfært hugmyndina á annan hátt.
2. Opin hús fyrir foreldra og nemendur yrðu haldin á tveggja vikna tímabili í framhaldi af framhaldsskóladeginum. Þá kæmi til greina að tveir skólar, staðsettir nálægt hvor öðrum hefðu opið hús sama daginn, t.d. Kvinnaskólinn í Reykjavík og Menntaskólinn í Reykjavík eða Borgarholtsskóli og Fjölbrautaskólinn í Breiðholti. Kynningarnar gætu t.d. staðið yfir kl. 17 - 21 með almennum upplýsingafundi á hálf tíma til klukkustundafresti og skoðunarferð um skólann í framhaldi af honum. Þannig væri hægt að koma við 4 kynningum á þessu kynningarkvöldi.
3. Framhaldsskóladaðurinn og opna húsið kæmu í stað þeirra hefðbundnu heimsókna sem 10. bekkur hefur farið í með kennurum og/eða náms- og starfsráðgjöfum.
4. Hver framhaldsskóli getur einnig ákveðið að halda annað opið hús að vori til.

Núverandi fyrirkomulag kynninga felur í sér töluverða röskun á skólastarfi á báðum skólastigum. Með breyttu fyrirkomulagi er hægt að gera allt kynningarstarf markvissara þannig að verðandi framhaldsskólanemendur taki upplýstari ákvörðun varðandi námsval sitt. FNS telur að með þessu móti sé einnig lag á að efla þátttöku foreldra gagnvart framtíðarnámsvali og auka ábyrgð þeirra á námi barna sinna. Meðal náms- og starfsráðgjafa á báðum skólastigum ríkir samstaða um þessar hugmyndir og fyrir liggur munnlegt samþykki Menntamálaráðuneytisins á þeim. FNS hefur verið falið að taka að sér framkvæmdina ef af þessu breytta fyrirkomulagi verður.

## **5. Siðareglur náms- og starfsráðgjafa – starfshópur**

Á síðasta aðalfundi 2005 lagði siðanefnd FNS fram drög að siðareglum félagsins og voru þær samþykktar. Siðanefnd FNS var þá falið að vinna þær áfram og stefnt var að því að siðareglur í lokamynd væru tilbúnar fyrir aðalfund 2006.

Í vetur hefur verkefni siðanefndar FNS falist í því að viðá að sér enn frekari gögnum og skoða siðareglur sambærilegra erlendra náms- og starfsráðgjafarfélaganna t.d. American Counseling Association, National Career Development Association og American School Counselor Association.

Siðanefnd gerði vinnuáætlun fyrir veturinn 2005-2006 sem fólst í því að hittast að hausti til að vinna frekar með siðareglurnar eftir athugasemdum og ábendingum sem bárust vorið 2005. Vorið 2006 yrði varið til þess að kynna siðareglurnar fyrir félagsmönnum sem var gert með því að boða til opins fundar með siðanefnd. Sá fundur var haldinn í mars og í kjölfar hans var fræðslufundur þar sem lokadrög siðareglanna voru kynntar.

Eins og segir í inngangi þeirra siðareglna sem verða kynntar á aðalfundi 2006 þá er siðareglum Félags náms- og starfsráðgjafa ætlað að efla fagvitund náms- og starfsráðgjafa og stuðla að fagmennsku í starfi með hagsmuni ráðþega í fyrirrúmi. Tilgangur þeirra er að vísa náms- og starfsráðgjöfum leið í starfi, veita almenningi upplýsingar um vinnubrögð og fagmennsku náms- og starfsráðgjafa og vera undirstaða sjálfsmats innan faghópsins.

Siðanefnd lagði áherslu á það á síðasta aðalfundi að umræða um siðareglur yrði að koma frá félagsmönnum – frá grasrótinni. Annars er sú hætta fyrir hendi að siðareglur verði verðlaust plagg. Það er von siðanefndar FNS að siðareglur þessar verði Félagi náms- og starfsráðgjafa vegvísir í starfi og efli fagstéttina til enn betri verka.

## **6. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar**

Fræðslufundaröð síðasta starfsárs – Íslenskt atvinnulíf - lauk með námsstefnu FNS sem bar yfirskriftina „Frá skóla til atvinnulífs“. Námsstefnan var haldin dagana 19. og 20. maí í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands og var mjög vel sótt. Rúmlega 80 félagsmenn sóttu hana. Náms- og starfsráðgjafar í menntakerfinu og atvinnulífinu kynntu helstu nýjungar í sínu starfi ásamt því að leggja grunn að stofnun fagráða innan FNS. Þann 12. maí 2005 lauk fræðslufundaröð FNS um íslenskt atvinnulíf með kynningu á uppbyggingu og starfsemi Samtaka atvinnulífsins og fjallað var um nokkur af helstu stefnumálum samtakanna sem varða samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Flestir fyrirlestrarnir voru teknir upp á myndband og upptökurnar settar á vefsíðu félagsins fyrir þá sem ekki sáu sér fært að mæta.

### **Haustdagskrá FNS 2005**

Dagskrá haustsins var fjölbreytt og hófst með fyrirlestri **Carmen Cronquist, frá Háskólanum í Wisconsin - River Falls, um gerð ferilmappa (portfolio) í náms - og starfsráðgjöf** þann 22. september 2005. Carmen Cronquist, hefur mikla reynslu af gerð og notkun ferilmappa og því mikill fengur að fá hana til landsins. Fyrirlestrinum var sjónvarpað í gegnum veraldarvefinn (<http://sjonvarp.khi.is>) sem tryggði að félagsmenn úti á landsbyggðinni fengu einnig að njóta. Carmen Cronquist kom til Íslands á vegum FNS, nefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara (vettvangsnám) og meistaranáms í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands og var samstarfið hið ánægjulegasta á milli þessara aðila.

### **Kynning á starfssemi Hins Húsins.**

Þriðjudaginn 8. nóvember var fræðslufundur um starfsemi Hins Húsins og kynning á Ungu fólki í Evrópu í umsjón Láru Baldursdóttur. Hitt Húsið er menningar- og upplýsingamiðstöð þar sem ungu fólki er veitt ýmis aðstoð og ráðgjöf. Hitt húsið er rekið af Íþrótt- og tómstundasviði Reykjavíkur. Ungt fólk í Evrópu er styrkjaáætlun á vegum Evrópusambandsins. UFE styrkir margvísleg verkefni ungs fólks á aldrinum 15-24 ára.

### **Fræðslufundur um Barnahús og starfssemi þess**

Mánudaginn 14. nóvember tók Ragna Guðbrandsdóttir félagsráðgjafi hjá Barnahúsi á móti félagsmönnum og kynnti starfsemi þess.

### **Jólafundur**

Jólafundur FNS var haldinn 2. desember 2005 í hátíðlegum sal að Grensásvegi 13a. Þetta var góð stund þar sem félagsmenn sátu við kertaljós og nutu upplesturs frá Yrsu Sigurðardóttur rithöfundar. Las hún upp úr bók sinni - Þriðja tákniinu. Félagsmenn fengu tækifæri til að spyrja Yrsu spurninga að loknum upplestri og fræðast meira um hennar störf sem rithöfundar og hvað er á döfinni hjá henni næst. Fjögur ungmenni frá Menntaskólanum í Hamrahlíð fluttu tónlist og söng í takt við jólatíðina og komust áheyrendur í mikið jólaskap.

### **Afmælisár Félags náms- og starfsráðgjafa 2006**

Fræðslunefnd hleypti af stökkunum fræðsludagskrá fyrir vorið 2006 undir yfirskriftinni „Straumar og stefnur“ og markaði hún upphaf afmælisárs félagsins. Stjórn og fræðslunefnd FNS hafði ákveðið að bjóða sem flesta fræðslufundina í gegnum fjarfundabúnað til að félagsmenn á landsbyggðinni gætu einnig tekið þátt. Var það mögulegt með stuðningi Evrópumíðstöðvar náms- og starfsráðgjafa.

### **Stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf hérlendis og erlendis**

Fimmtudaginn 12. janúar kynnti Sif Einarsdóttir, dósent við meistaranám í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands væntanlegar breytingar og endurskipulagningu á náminu og Jónína Kárdal, formaður FNS, kynnti skýrslur frá OECD um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf og hvað mætti yfirfæra af því til Íslands.

### **Stytting náms til stúdentsprófs**

Mánudaginn 6. febrúar kynnti Karl Kristjánsson frá menntamálaráðuneytinu helstu breytingar sem lagðar eru til við styttingu náms til stúdentsprófs. Mikil og góð umræða fór fram og var fundurinn vel sóttur. Í lok fundarins var samþykkt eftirfarandi áskorun sem var síðar send til menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur og formanni Kennarasambands Íslands, Eiríks Jónssonar:

„Fundur Félags náms- og starfsráðgjafa þann 6. febrúar 2006 skorar á menntamálaráðherra og Kennarasamband Íslands að beita sér fyrir lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa.

Um leið og verið er að huga að menntun og velferð nemenda frá leikskóla til fullorðinsára er nauðsynlegt að sinna náms- og starfsráðgjöf, náms- og starfsfræðslu, náms- og starfsvali auk persónulegrar ráðgjafar.

Þessir verkþættir falla undir sérmenntun og fagþekkingu náms- og starfsráðgjafa á Íslandi. Með lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa er verið að tryggja nemendum og foreldrum þeirra faglega ráðgjöf og gæðapjónustu auk þess að styrkja náms- og starfsráðgjöf til handa öðrum hópum. Síðast en ekki síst að efla og styrkja náms- og starfsráðgjöf á Íslandi“.

### **Lögverndun og kjaramál**

Fimmtudaginn 9. mars fór fram kynning á stöðu mála gagnvart lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa og umræða um kjaramál. Góðir gestir mættu til að ræða málín: Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, Elna Katrín Jónsdóttir, fyrir hönd Félags framhaldsskóla og Þórður Hjaltsted frá Félagi grunnskólakennara og Guðrún Stella Gissurardóttir frá Útgarði.

### **Mótun siðareglna Félags náms- og starfsráðgjafa**

Þriðjudaginn 28. mars kynnti Siðanefnd FNS lokadrög að siðareglum FNS sem síðar verða lagðar fyrir félagsmenn til samþykktar.

### **Námsstefna FNS 2006**

Námsstefna FNS verður haldin á Akureyri dagana 27. - 28. apríl 2006. Yfirskrift námsstefnunnar er „Fagmennska og færni náms- og starfsráðgjafans. Sjónum verður beint að fagmennsku og færni náms- og starfsráðgjafans. Í boði verða fyrirlestrar og námskeið.

### **Rannsóknir í náms- og starfsráðgjöf**

Í maí 2006 er áætlað að hafa fræðslufund þar sem kynntar verða rannsóknir í náms- og starfsráðgjöf og hvað helst er í deiglu hér á landi á fræðasviðinu.

### **Aðrir fundir**

Þriðjudaginn 21. febrúar bauð Fjöltækniskóli Íslandi náms- og starfsráðgjöfum í heimsókn og kynnti starfsemi sína. Það var skólameistarinn, Jón B. Stefánsson ásamt Hauki Gunnarssyni sem að tók á móti hópnunum. Var farið í skoðunarferð um húsakynni skólans og skoðaður fjölbreyttur tækjabúnaður sem notaður er við kennslu. Lögð var áhersla á að kynna nýjar námsleiðir sem eru í boði við skólann.

### **Vefsíða FNS**

Valgeir Bl. Magnússon hefur haft umsjón með vefsíðu FNS í vetur. Hann hefur verið ötull við að setja inn fréttir. Á vefsíðunni er einnig að finna samantektir á fræðslufundum vetrarins ásamt ítarefni frá vettvangsnámi náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum. Þegar fréttir vetrarins eru skoðaðar er ljóst að mikil starfsemi hefur verið í gangi, þörf og öflug umræða ásamt því að vefsíðan kynnir Félag náms- og starfsráðgjafa út á við. Vefsíðan er því öflugur miðill sem áfram þarf að byggja upp og styrkja.

## **7. FNS - norðan heiða**

Starfsemi norðandeildar hefur verið óformleg í vetur. Náms- og starfsráðgjafar hafa hist þegar að boðið hefur verið upp á fjarfundi.

## **8. Samstarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar**

Mikið og öflugt samstarf hefur verið á milli FNS og verkefnisstjóra Evrópumíðstöðvar náms- og starfsráðgjafa, Bjarna R. Kristjánsson. Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar er upplýsingamiðlun og samstarfsvettvangur sem Evrópusambandið styrkir með það fyrir augum að miðla evrópskri vidd og undirstrika mikilvægi náms- og starfsráðgjafar, starfsþjálfunar og símenntunar í upplýsingasamfélagi nútímans. Evrópumíðstöðin hefur stutt ötullega við bak FNS og nokkur samvinnuverkefni voru unnin þennan veturinn. Þau eru helst:

1. Leonardo mannaskiptaáætlun
  - a. FNS og Evrópumíðstöðin setti saman sameiginlega kynningu á mannaskiptaáætlun sínum, annarsvegar Leonardo mannaskiptaáætlun og Academia verkefnið. Í báðum þessum áætlunum gafst íslenskum náms- og starfsráðgjöfum tækifæri til að sækja um styrk til að fara til Evrópu og kynna sér náms- og starfsráðgjöf þar. Til að sem flestir náms- og starfsráðgjafar á Íslandi gætu fengið upplýsingar um þessi tvö verkefni og fengið upplýsingar um umsóknir var beitt þeirri nýjung að hafa vefupptöku á netinu.
2. Academia verkefni
  - a. Á vefsíðu Evrópumíðstöðvarinnar, [www.euroguidance.is](http://www.euroguidance.is), segir svo frá: „Markmiðið er að auðvelda náms- og starfsráðgjöfum að fara í styttri námsferðir til annarra Evrópulanda til að fræðast þar um skipulagningu menntakerfis í viðkomandi landi eða fyrirkomulag á vinnumarkaði. Heimsóknirnar eru skipulagðar þannig að hvert þátttökuland skipuleggur námskeið sem að öllu jöfnu stendur yfir í viku til tíu daga. Þar er gefið yfirlit yfir samfélag og opinber kerfi viðkomandi lands og farið í heimsóknir til stofnana og fyrirtækja þar sem ráðgjafar eru að störfum. Einnig eru oft tekin fyrir ákveðin þemu sem eru mikilvæg í faglegri umræðu um ráðgjöf.” FNS tók þátt í þessu verkefni með Evrópumíðstöðinni með því að taka að sér umsjón með hluta af dagskránni með því að kynna starfsemi náms- og starfsráðgjafar á Íslandi og vera með þemadag þar sem fjallað var um



náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna. FNS bauð svo þátttakendum til kvöldverðar. FNS vill fá að þakka Bjarna fyrir þetta samstarf. Einnig er komið á framfæri þakklæti til Gunnlaugur Hartmannsdóttur, Elfu Huldur Haraldsdóttur, Guðrúnur Stellu Gissurardóttur og Ingibjargar Bragadóttur fyrir þeirra þátt í þessu verkefni.

### 3. Stuðningur Evrópumíðstöðvar náms- og starfsráðgjafa

Stuðningur Evrópumíðstöðvarinnar í vetur hefur falist í því að gera FNS kleift að senda fræðslufundi vetrarins til félagsmanna í gegnum fjarfundabúnað og bjóða upp á aðstöðu til fundanna. Bjarna R. Kristjánssyni eru færðar hugheilar þakkir fyrir hans þátt í að gera félagsstarf FNS öflugt í vetur.

## 9. Umsagnir um námsefni

Líkt og undanfarin ár fór menntamálaráðuneytið þess á leit við FNS að gera umsögn um námsefni. Að þessu sinni voru þrjár umsóknir um námsefni í framhaldsskóla til umsagnar. Eyrún Valsdóttir og Gunnlaug Hartmannsdóttir tóku þetta að sér fyrir hönd FNS og eru þeim færðar þakkir.

## 10. Kjara- og hagsmunamál – fulltrúar

### *Félag grunnskóla*

Í vetur hefur enginn fulltrúi FNS setið sem fulltrúi hjá Félagi grunnskóla. Það er ljóst, eins og fyrir er getið hér í ársskýrslu, hversu mikilvægt er að eiga fulltrúa innan allra aðildarféлага Kennarasambands Íslands.

### *Frá Björgu Kristjánsdóttur og Ragnheiði Bóasdóttur – Félag framhaldsskóla*

Björg Kristjánsdóttir í MH og Ragnheiður Bóasdóttir í FÁ hafa setið í samninganefnd FF fyrir hönd náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum. Fundir hafa verið haldnir u.þ.b. mánaðarlega í samninganefnd FF og að auki hafa þær hist til skrafs og ráðagerða. Þann 1. maí n.k. verður tekið upp nýtt launakerfi í framhaldsskólum og hefur talsverð vinna verið lögð í að undirbúa flutninginn yfir í það kerfi. Þar má nefna að gerð var launa- og kjarakönnun á meðal náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum. Niðurstöður þeirrar könnunar og fleira var rætt á fundi í Fjölbraut Ármúla þann 14. mars og var fundinum varpað til Vestmannaeyja einnig. Gagnlegar umræður fóru fram á þeim fundi en nokkuð ljóst er að náms- og starfsráðgjafar þurfa að sækja enn frekar í sig veðrið til að hækka launin. Of algengt er að viðhorf til starfsins, bæði af hálfu leikmanna og lærðra, einkennist af ónógum skilningi á hinu mikla umfangi og álagi sem í starfinu felst. Þessu verða náms- og starfsráðgjafar sjálfir að breyta með því að kynna starfið betur, sýna tölulegar og faglegar upplýsingar og koma sér almennt betur á framfæri. Einnig er full ástæða til að skoða enn frekar stofnun sérfélags náms- og starfsráðgjafa. Eins og málum er háttað í dag dreifist stéttin á a.m.k. þrjú stéttarfélag þar sem misauðvelt er að koma málefnum hennar á framfæri. Það er því verk að vinna sem allir þurfa að taka höndum saman um.

### *Frá Björgu Kristjánsdóttur náms- og starfsráðgjafi MH – skólamálanefnd FF*

Ýmislegt hefur verið til umræðu innan skólamálanefndar frá síðasta aðalfundi náms- og starfsráðgjafa. Á haustmánuðum þá lagði skólamálanefnd FF til að tekið verði undir meginefni þingsályktunartillögunnar þ.e. um átak að efla starfsnám í framhaldsskólum, um stofnun nýrra, styttri starfsnámsbrauta og um stofnun fjöltækninámsbrauta innan tiltekinnar fjölbrautaskóla.

Í framhaldsskólum skulu allir hafa jafnan rétt og fá kennslu við hæfi. Nemendum þarf að standa til boða fjölbreytt verklegt nám, bóklegt nám og listnám. Öllu námi skal gert jafnhátt undir höfði. Náin tengsl skóla atvinnulífs, vísinda og lista eru nauðsynleg. Mikilvægt er að skólinn fylgist með breytingum á starfsháttum í þjóðfélaginu og sé tilbúinn að taka leiðandi þátt í þeim. Þessi orð eru úr skólafundum FF og voru samþykkt á síðasta aðalfundi. Mikilvægt er að vinna að breytingum í

Íslensku skólakerfi sérstaklega til að taka á brottfalli úr framhaldsskólum sem er eins og vitað er allt of mikið. Umræðan um styttingu náms til stúdentsprófs hélt áfram og endaði með samþykkt milli KÍ og menntamálaráðherra um að vinna samhent að betra skólakerfi með heildarendurskoðun á námi og breyttri námsskipan skólastiganna. Sett voru fram 10 skref til sóknar um skólastarf og skólaumbætur. Allmargir fundir hafa farið í að útskýra þessi skref og hvernig þau voru hugsuð af hálfu KÍ og hefur þetta mál verið reifað fram og aftur hjá skólamálanefndinni. Lögð er áhersla á að námið í framhaldsskólunum skerðist ekki við styttinguna. Endanleg niðurstaða liggur ekki fyrir í þessu máli en eitt er víst að efling náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskólum verður afar mikilvægur þáttur þegar stytting náms til stúdentsprófs kemur til framkvæmda.

#### *Frá Guðrún Stellu Gissurardóttur – Útgarði, Félag háskólamanna*

Guðrún Stella situr í samstarfsnefnd vegna kjarasamninga. Sérstakur stofnasamningur er í gildi frá 2001. Spurning er hvaða verðmiða á að setja á starfið hjá þeim sem starfa á vinnumiðlunum. Komið hefur í ljós að laun ráðgjafa hjá Útgarði eru slakari en hjá náms- og starfsráðgjöfum sem starfa innan skólakerfissins, sér í lagi í framhaldsskólum. Hjá náms- og starfsráðgjöfum sem eru í Útgarði er starfsumhverfi afar ólíkt innan svæðisvinnumiðlana. Náms- og starfsráðgjafar vinna oft við erfiðar aðstæður sem að lýsa sér í því að vinnusvæði þeirra eru stór, ferðast þarf mikið á milli staða á landsbyggðinni. Oft búa þessir staðir við lágt þjónustustig. Í næstu samningum verður gerð krafa um greiðslu dagpeninga. Breytingar standa yfir hjá Vinnumálastofnun sem mun skapa meira álag á náms- og starfsráðgjöfum. Verið er að vinna að starfslýsingu náms- og starfsráðgjafar á vinnumiðlunum sem eru þá ákveðin forsenda samninga. Lögverndunarmál hafa lítið verið í umræðu hjá félögum í Útgarði, meiri áhersla hefur verið lögð á faglega þáttinn.

## **11. Félagatal og félagsaðild FNS**

Í vetur hefur Agnes Ósk Snorradóttir, sem situr í varastjórn FNS, haft umsjón með félagatali FNS. Skráðir félagar í FNS eru nú 228 talsins. Fimmtán nýir félagar gengu í félagið á árinu en einn hefur skráð sig úr félaginu. Til stendur að uppfæra félagatalið þannig að hægt verði að kortleggja sérþekkingu og færni félagsmanna. Markmiðið með slíkri kortlagningu væri að varpa enn betur ljósi á fagþekkingu félagsmanna og að auðvelda stjórn að leita til félagsmanna þegar þörf er á frekari upplýsingum varðandi málefni sem á borð berast.

## **12. Fjárreiður og félagsgjöld FNS**

Ársreikningur félags náms- og starfsráðgjafa fyrir árið 2005 er byggður á bókhaldi félagsins. Sjá sérrit um ársreikning félagsins.

## **13. Sí- og endurmenntun félagsmanna**

Ýmis tækifæri hafa boðist Félagi náms- og starfsráðgjafa auk fræðslufunda til að auka sí- og endurmenntunartækifæri félagsmanna. Samkvæmt lögum FNS er eitt af hlutverkum félagsins að stuðla að endurmenntun félagsmanna. Það er mikilvægt fyrir hvern og einn félagsmann að vera vakandi fyrir sí- og endurmenntunarþörf sinni, miðla þekkingu og færni og stuðla þannig að eflingu fagvitundar og fagmennsku innan fagstéttarinnar. Hér verða gerð skil á þeirri sí- og endurmenntun sem hefur verið og mun verða í boði fyrir félagsmenn:

#### *Vettvangsnám fyrir náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum.*

Í vetur hefur staðið yfir vettvangsnám fyrir náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum. Þetta er samstarfsverkni FNS, samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara og Endurmenntunar. Ingveldur Sveinbjörnsdóttir, náms- og starfsráðgjafi við Kvennaskólann í Reykjavík, tók að sér fyrir hönd FNS að hafa umsjón með vettvangsnámi. Helstu markmið vettvangsnámsins eru:

- Að efla þátttakendur í starfi sem sérfræðinga í náms- og starfsráðgjöf.

- Að þátttakendur miðli af reynslu sinni og þekkingu og læri af öðrum.
- Að fjalla um nýja strauma í náms- og starfsráðgjöf og skoða áhrifaríkar aðferðir í náms- og starfsráðgjöf
- Að þátttakendur geti útfært í starfi þær ráðgjafar- og starfsaðferðir sem fjallað verður um og fylgt þeim eftir á starfsvettvangi.

Vettvangsnámið hefur verið skipulagt sem fjórar námslotur og sú fyrsta hófst síðastliðið haust og sú fjórða og síðasta lauk nú í mars. Nítján náms- og starfsráðgjafar hófu vettvangsnámið í haust og sautján luku því nú í vor. Hægt er að skoða samantektir úr námslotunum á vefsíðu FNS – [www.fns.is](http://www.fns.is). Mikil ánægja hefur verið með vettvangsnámið og færir Félag náms- og starfsráðgjafa Ingvaldi Sveinbjörnsdóttur bestu þakkir fyrir að taka að sér þetta verkefni.

#### *Leonardo mannaskiptaáætlun*

Stjórn FNS ákvað á síðastliðnu starfsári að sækja um til Landsskrifstofu Leonardó vegna mannaskiptaverkefnis. Með mannaskiptaverkefnum gefst tækifæri til að koma á tengslum við kollega erlendis og góð umræða getur skapast sem að skilar sér svo heim til Íslands. FNS hlaut jákvæðar viðtökur og var úthlutað styrk að upphæð 8.480 evrum fyrir átta náms- og starfsráðgjafa í kynnisferðir til nokkurra Evrópulanda. Meginmarkmið mannaskiptaverkefnisins er að koma á samskiptum við evrópska náms- og starfsráðgjafa og miðla upplýsingum um náms- og starfsráðgjöf til ólíkra ráðþegahópa og auka fagmennsku íslenskra náms- og starfsráðgjafa.

FNS og Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar efndu til sameiginlegrar kynningar á mannaskiptaáætlunum sínum, Leonardo mannaskipti annarsvegar og Academia verkefni hins vegar. Notuð var rafræn miðlun til kynningar sem fólst í því að hægt var að skoða kynningu í gegnum vefsíðu. Fimm félagsmenn sóttu um mannaskiptaverkefnið og veittir voru fjórir styrkir. Áætlað er að farið verði í kynnisferðir til Þýskalands, Tékklands og Svíþjóðar. Veittur var styrkur til að sækja námskeið til Spánar varðandi samstarf foreldra og skóla. Næst verður tekið við umsókn í haust og munu þá fjórir styrkir vera í boði.

#### *Umsókn til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla*

Stjórn FNS ákvað að sækja um í Endurmenntunarsjóð grunnskóla til að geta boðið félagsmönnum er starfa á grunnskólastigi upp á endurmenntun í náms- og starfsráðgjöf sambærilegt því sem að náms- og starfsráðgjöfum bauðst í vetur í gegnum vettvangsnámið. Það er ánægja að segja frá því að FNS hlaut styrk að upphæð kr. 392.000 til að geta staðið fyrir slíku endurmenntunarnámskeiði sem ber heitið: „Efling náms- og starfsráðgjafar á grunnskólastigi – fagmennska, starfshættir og verklag.“

Miklar breytingar á íslenska skólakerfinu standa fyrir dyrum og kemur þar m.a. til stytting framhaldsskólanáms til stúdentsprófs ásamt endurskoðun á námskrám. Menntamálaráðuneytið hefur í þessu breytingaferli lagt áherslu á eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum og er endurmenntun náms- og starfsráðgjafa mikilvæg leið til að ná því fram.

FNS hefur boðið upp á metnaðarfulla fræðsludagskrá fyrir alla félagsmenn ásamt árlegri námsstefnu en hlutverk félagsins er m.a. að:

- að efla náms- og starfsráðgjöf og stuðla að fullri viðurkenningu hennar sem sérhæfðar starfsgreinar,
- að stuðla að endurmenntun félagsmanna og
- að efla rannsóknir á sviði náms- og starfsráðgjafar.

Það er mat stjórnar FNS að með heildstæðu endurmenntunarnámskeiði fyrir náms- og starfsráðgjafa á grunnskólastigi er verið að mæta þörfum grunnskólans sérstaklega. Styrkur úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla gerir félaginu kleift að standa fyrir slíku námskeiði og stuðla þannig að aukinni fagmennsku og færni náms- og starfsráðgjafa á grunnskólastigi en tækifæri til að taka þátt í heildstæðu endurmenntunarnámskeiði eru ekki mörg. Þessi styrkveiting er ákveðin viðurkenning á þörf grunnskólans fyrir þjónustu og fagþekkingu náms- og starfsráðgjafa og fagnar stjórn FNS þessu innilega. Nú þarf að hefjast handa við frekari undirbúning þannig að námið hefjist haustið 2006.

## 14. Styrkir til FNS

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara veitti FNS styrk að upphæð kr. 300.000 fyrir námsstefnu vorsins – Fagmennska og færni náms- og starfsráðgjafans. Einnig er gert ráð fyrir því að sækja um í Verkefna- og námsstyrkjasjóði Kennarasambands Íslands vegna haustdagskrár og til Vinnumálastofnunar, vegna þessa verkefnis. Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar mun koma til með að styrkja námsstefnuna jafnframt því að hafa styrkt og stutt við FNS vegna fyrirlestraraðar um íslenskt atvinnulíf.

Samkvæmt samningi FNS og menntamálaráðuneytisins, sem endurnýjaður er árlega, leggur ráðuneytið félaginu til fé sem jafngildir tveimur mánaðarlaunum samkvæmt launaflokki B09 3. þepi. Hefur þessi upphæð verið greidd til félagsins og það staðið skil á sínum hluta samningsins og sinnt umsögnum um námsefnisgerð.

Öllum þessum aðilum er hafa styrkt faglegt starf FNS eru færðar kærar þakkir.

## 15. Norrænt samstarf

Norræn samtök náms- og starfaráðgjafa

Skýrsla fulltrúa fyrir árið 2005

Anna Sigurðardóttir og Gunnlaug Hartmannsdóttir

Fulltrúar Félags náms- og starfsráðgjafa í stjórn Norrænna náms- og starfsráðgjafa NSNS eru: Anna Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi Kennaraháskóla Íslands og Gunnlaug Hartmannsdóttir, náms- og starfsráðgjafi Námsflokki Reykjavíkur. Hlutverk fulltrúa er að mæta á fundi hjá stjórn félagsins og upplýsa félagsmenn um það sem er á döfinni hverju sinni. Fulltrúa ber einnig að upplýsa stjórn Norrænu samtakanna um starfsemi FNS.

Þann 9. apríl 2005 var haldinn ársfundur samtakanna í Solna í Svíþjóð. Fulltrúar Íslands á fundinum voru þær Anna Sigurðardóttir og formaður félagsins Jónína Kárdal. Á fundinum var farið yfir skýrslur frá hverju aðildarlanda fyrir sig ásamt því að reikningar félagsins voru lagðir fram. Norrænu samtökin sjá um að greiða félagsgjöld til IAEVG og rætt var um að félagið þyrfti að geta stutt a.m.k. einn stjórnarmeðlim til að geta tekið þátt í ráðstefnum á vegum alþjóðasamtakanna sem fulltrúi félagsins. Helsta umræðuefni fundarins var væntanleg ráðstefna í Kaupmannahöfn í ágúst næstkomandi. Á fundinum voru einnig ákveðnir netfundir um haustið. Formaður félagsins Karen Asplund og Ingbritt Eriksson tóku að sér að vera tengiliðir við undirbúningsnefnd ráðstefnunnar. Á fundinum var ákveðið að safna saman rannsóknum á sviði náms- og starfsráðgjafar á norðurlöndum þannig að félagsmenn hefðu gott aðgengi að því sem gert hefur verið. Leitað var til félagsmanna um aðstoð við skráningu rannsókna frá Íslandi.

Fjarfundur á neti var haldinn þann 6 sept. 2005 þar var m.a. skrifað um heimasíðu, fjármál og samstarf við Baltnesku löndin. Ákveðinn hefur verið fundur með Baltnesku löndunum í apríl árið 2007 og reynt verður að afla styrkja í þessu sambandi. Aukafjarfundur var haldinn þann 23.11. 2005 þar sem aðaláhersla var lögð á undirbúning ráðstefnunnar í Danmörku.

Peter Plant hefur verið ritstjóri fréttabréfs Newsletter sem dreift hefur verið rafrænt til íslenskra ráðgjafa. Peter sem starfað hefur sem varaformaður IAEVG frá 2003 hefur ákveðið að segja af sér sem fulltrúi í næstu kosningum.

Í tengslum við aðalfund Norrænu samtakanna var boðið til fundar sem haldinn var í Lararhögskolan í Stockholm. Fundurinn var undirbúinn af Agneta Fry, utbildningsledare hjá Institutionen för samhalle, kultur och larande. Avdelningar för studie- og yrkesvagledning. Markmið fundarins var að kynna nám í náms- og starfsráðgjöf á Norðurlöndum. Einnig voru góðar umræður þar sem m.a. var fjallað um fagvitund og þátttöku náms- og starfsráðgjafa í faghópum eftir að starf er hafið.

Agneta Fry talaði um námið í Svíþjóð og sagði frá þróun þess. Nú er hægt að leggja stund á Studie- og yrkesvæglarprogrammet á þremur stöðum í Svíþjóð, Stokkhólmi, Lundi og Gautaborg. Námið er þriggja ára grunnám sem lýkur með að nemendur skrifa lokaverkefni.

Jónína Kárdal sagði frá uppbyggingu námsráðgjafarnámsins hérlendis og kynnti sérstaklega fjarnám í náms- og starfsráðgjöf sem var í boði 2001-2003. Agneta greindi frá því að Svíar væru í auknum mæli farnir að leggja áherslu á fjarnám þar sem meiri líkur væru til þess að “studie- og yrkesvejledera” bættu við sig námi ef þeir gætu gert það samhliða starfi.

Terje Endrerud, Assistant Professor kom frá Institute for lærerutdanning/Department of Teachers Education við Högskolen i Buskerud, Hønefoss í Noregi. Terje sagði einnig frá þróun náms- og starfsráðgjafar í Noregi og þar kom m.a. fram að framan af voru gerðar kröfur um að náms- og starfsráðgjafar hefðu embættispróf áður en þeir bættu við sig formlegu námi. Þetta hafði þau áhrif að það sóttust ekki margir eftir starfinu og varð það til þess að ekki voru gerðar kröfur um formlega menntun námsráðgjafa. Kennarar hafa sinnt þessu starfi en nú eru teikn á lofti um að það þurfi formlega menntun til að starfa sem náms- og starfsráðgjafi og vinnur Liv-Marie Bakka formaður norsku náms- og starfsráðgjafasamtakanna að því að starfið verði löglega samþykkt. (Liv-Marie sýndi þingsályktunartillögu okkar mikinn áhuga). Hugmyndir Norðmanna lúta að því að námið verði kennt á framhaldsstigi.

Ekki var fulltrúi mættur frá Danmörku og því tók Færeyjningurinn Holger Arnbjerg það að sér að lýsa endurskipulögðu námi í námsráðgjöf sem kemur til með breyttri skipan í náms- og starfsráðgjöf að hálfu yfirvalda. Mikil gagnrýni hefur verið undanfarið þarlendis um þessa skipan mála í náms- og starfsráðgjöf og þykir mörgum að betur megi ef duga skal. Peter Plant er forstöðumaður náms á Mastersstigi í náms- og starfsráðgjöf við Danmarks Pædagogiske Institute og má því segja að til sé í Danmörku metnaðarfullt nám ráðgjafa.

Raila Pirinen lýsti náminu í Finnlandi þar sem það er á meistarasstigi og að því virðist mjög metnaðarfullt. Raila lýsti finnska menntakerfinu nokkuð og var forvitnilegt að sjá hvað menntun var vel metin til launa.

Fulltrúi gerði grein fyrir störfum sínum og mætti á fund stjórnar FNS þann 13. febrúar. Þar var beðið um aðstoð við hvatningu félagsmanna til að taka þátt í að senda útdrætti fyrir ráðstefnuna í Danmörku og einnig að fulltrúar gætu í þetta sinn farið tveir á aðalfund sem haldinn verður í Kaupmannahöfn 28. og 29. apríl.

## 16. Önnur verkefni

### *Drög að endurskoðuðum aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla*

Menntamálaráðuneytið birti drög að endurskoðuðum aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla (<http://namsskipan.is/Namskrardrog>). Skólamálanefndir FF og FG óskuðu eftir því við stjórnir fagfélaganna að leitað væri eftir viðhorfum félagsmanna til draga að endurskoðuðum námskrám og að stjórnirnar sendi að því búnu heildarathugasemdir sínar til skólamálanefndanna og menntamálaráðuneytis. Guðrún Kristinsdóttir, fyrir hönd stjórnar FNS leiddi þessi vinnu. Skipuð var nefnd innan FNS til að fara yfir drögin og safnað saman athugasemdum og ábendingum félagsmanna. Nefndina skipuðu: Elín Ólafsdóttir (FSS), Guðrún Kristinsdóttir (Ártúnsskóla), Ragnheiður Bóasdóttir (FA) og Rannveig Óladóttir (Valhúsaskóla). Þessi vinna gekk vel. Hún var umfangsmikil og eru nefndarmönnum færðar miklar þakkir fyrir þeirra framlag.

### *Bréf Félags náms- og starfsráðgjafa til skólanefndar Akureyrarbæjar*

Í vetur hefur farið fram góð og nauðsynleg umræða um starfsaðstæður náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Athygli menntamálayfirvalda og Kennarasambands Íslands hefur verið vakin almennt á stöðuhlutfalli náms- og starfsráðgjafa og fjölda nemenda að baki hverri stöðu. Að beiðni

FNS þá gerði Félag grunnskólakennara könnun á stöðu náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum í eftirfarandi bæjarfélögum: Hafnarfirði, Kópavogi og Akureyri. Þetta eru sveitarfélög sem eru af svipaðri stærðargráðu. Eftirfarandi niðurstaða kom í ljós:

- Í Hafnarfirði eru 8 grunnskólar. Eitt stöðugildi náms- og starfsráðgjafa (100%) er við alla heildstæðu skólana (6). Nemendafjöldi er á bilinu 430 – 680. Fjórir af sex námsráðgjöfum hafa menntun í náms- og starfsráðgjöf.
- Í Kópavogi er staðan sambærileg og í Hafnarfirði. Þar eru 9 grunnskólar, allir heildstæðir nema Vatnsendaskóli sem er nýr. Eitt stöðugildi er við alla skólana og nemendafjöldi 400 – 600. Sex eru með menntun náms- og starfsráðgjafa og tveir með menntun félagsráðgjafa.
- Á Akureyri eru 6 grunnskólar með 250 – 570 nemendur. Þar eru stöðugildi mismunandi eftir skólum. Í fjölmennasta skólanum er náms- og starfsráðgjafi í 100% stöðu, en innan þess starfs er sérkennsla, tveir skólar með yfir 400 nemendur eru með námsráðgjafa í 75% stöðu og tveir með 50% starfshlutfall, annar með 450 nemendur og hinn með 530 nemendur. Fámennasti skólinn með 220 nemendur er með náms- og starfsráðgjafa í 40% stöðu. Einungis einn er menntaður náms- og starfsráðgjafi en ekki liggja fyrir upplýsingar um menntun hinna.

Hér má draga þá ályktun að nemendur Akureyrarbæjar sitja ekki við sama borð hvað varðar þjónustu náms- og starfsráðgjafa og nemendur í sambærilegum sveitarfélögum á suðvesturhorni landsins.

Bréf var sent í janúar 2006 til skólanefndar Akureyrarbæjar þar sem vakin var athygli á þessari stöðu. Engin viðbrögð hafa borist Félagi náms- og starfsráðgjafa.

## 17. Útrás Félags náms- og starfsráðgjafa

Félag náms- og starfsráðgjafa hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum, málþingum og fundum sem hafa stuðlað að frekari kynningu á náms- og starfsráðgjöf og félaginu í þjóðfélaginu. Það er Félagi náms- og starfsráðgjafa nauðsynlegt og mikilvægt að taka þátt og sýna frumkvæði í að kynna starf og framlag náms- og starfsráðgjafar. Hér getur hver og einn félagsmaður tekið þátt í þessari útrás.

### *Vika símenntunar*

Gunnlaug Hartmannsdóttir, varaformaður FNS, fór ásamt Garðari Vilhjálmsyni hjá Eflingu-stéttarfélagi, í viðtal í síðdegisútvarp Rásar 2 vegna Viku símenntunar.

### *Útvarp Suðurland – Að leggja orð í belg*

Agnes Ósk Snorradóttir, náms- og starfsráðgjafi í Fjölbrautarskóla Suðurlands og í varastjórn FNS fór í viðtal í þætti sem að kallast – *Að leggja orð í belg*. Kynnti hún m.a. starf sitt og félagsstarfsemi FNS.

### *Ísland í bítíð*

Formanni var tvívegis boðið að koma í viðtal í morgunsjónvarp Stövar 2 – Ísland í bítíð. Þar var til umræðu mikilvægi þess að nota skipulögð vinnubrögð í námi og undirbúningur prófa. Hér var lögð áhersla á að náms- og starfsráðgjafar störfuðu í skólakerfinu.

### *Haustfundur Starfsgreinaráðs málm-, véltækni-, og framleiðslugreina*

Formanni FNS, Jónina Kárdal, var boðið að taka þátt í “haustfundi” Starfsgreinaráðs málm-, véltækni- og framleiðslugreina. Efni fundarins var að fjalla um ímynd málm- og véltækniíðnaðarins. Fundurinn var haldin 20. janúar s.l. að Hótel Heklu á Skeiðum. Fundurinn var í alla staði fróðlegur. Formanni FNS fannst mjög ánægjulegt að fá þetta tækifæri til að annars vegar kynna Félag náms- og starfsráðgjafa og starfsvettvang náms- og starfsráðgjafa fyrir starfsgreinaráðinu og hins vegar að fræðast meira um það sem er að gerast í þessari iðngrein og kynnast þeim sem standa að greininni.

### *Menntadagur iðnaðarins*

Formaður FNS, Jónína Kárdal, tók þátt í Menntadegi iðnaðarins sem að Samtök iðnaðarins hafði veg og vanda að. Fjallaði hún um nýtilegar aðferðir við að kynna iðn- og starfsnám. Yfirskrift menntadagsins var: „Iðn- og starfsmenntun - Hvers má vænta? Hvað hefur áunnist?“ Meðal þess sem fjallað var um var framkvæmd iðnnáms, námsefnisgerð og kynning á iðn- og starfsnámi.

### *Málþing um námshvatningu á vinnustað*

Gunnlaug Hartmannsdóttir, varaformaður FNS, tók þátt í málþingi um námshvatningu á vinnustað.

Málþingið var haldið til að kynna niðurstöður verkefnisins „*Námshvatning á vinnustað*“ sem er evrópskt samstarfsverkefni um náms- og starfsráðgjöf, sem unnið var með stuðningi Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlunar Evrópusambandsins. Efling - stéttarfélag og Starfsafl-starfsmennt Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins tóku þátt í verkefninu fyrir Íslands hönd. Erindi Gunnlaugar hét „Frá skóla til atvinnulífs – náms- og starfsráðgjöf“. Málþingið var vel sótt og hér gafst tækifæri til að kynna FNS og sérstöðu náms- og starfsráðgjafar fyrir aðilum vinnumarkaðarins og stéttarfélagum.

### *Náum áttum*

Á fræðslufundi samstarfshópsins *Náum áttum* um lífsstíl ungs fólks þar sem m.a. var fjallað um kostnað, vinnu og ábyrgð hélt Ágústa E. Ingbórsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í Borgarholtsskóla og meðstjórnandi FNS, fyrirlestur um vinnu nemenda með námi.

*Náum áttum* er opinn samstarfshópur um fræðslu- og fíkniefnamál með þátttöku: Félags grunnskólakennara, Ríkislögreglustjóra, Barnaverndarstofu, Rannsóknarstofa um mannlegt atferli - Háskóla Íslands, Félagssvið Akureyrarbæjar, Rauða kross Íslands, Fræðslumiðstöð í fíknivörnum, Landlæknisembættis, Ný leið-ráðgjöf, Vímulausrar æsku, Jafningjafræðslunnar, Forvarnanefnd Reykjavíkurborgar, Lýðheilsustöð, Heimilis og skóla, Þjóðkirkjunnar, Lögreglunnar í Reykjavík og Bindindissamtakanna IOGT.

## Lokaorð

Í ár er afmælisár Félags náms- og starfsráðgjafa. Félagið var formlega stofnað í desember 1981 og þó svo að 25. starfsári Félags náms- og starfsráðgjafa sé að ljúka er afmælishaldið langt frá því að vera lokið. Margt verður á döfinni á haustdögum sem mun ná hæst með fyrsta opinbera náms- og starfsráðgjafardegnum sem áætlað er að halda þann 20. október 2006.

Starfsemi FNS hefur verið fjölbreytt og viðburðarrík eins og ársskýrslan ber með sér. Nú er svo sannarlega uppskerutími og ber að þakka formönnum og stjórnunum fyrri ára fyrir dugmikið starf til eflingar náms- og starfsráðgjafa á Íslandi. Sú ábyrgð hvílir nú á okkar, hverjum og einum félagsmanni, að nýta okkur þann sterka meðbyr sem nú leikur um okkar fag – náms- og starfsráðgjöf. Efling símenntunarstöðva er að verða að raunveruleika með framlagi ríkisstjórnar Íslands til eflingar starfs- og endurmenntun ófaglærðra. Þar er náms- og starfsráðgjöf lykilorðið! Efling náms- og starfsráðgjafa kallar á skilning mennta- og félagsmálayfirvalda á þörf og framlagi náms- og starfsráðgjafa og þeirri fagþekkingu sem að náms- og starfsráðgjafa búa yfir. Renna þarf enn styrkari fjárhagsstöðum undir menntun náms- og starfsráðgjafa sem felst í meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf við félagsvísindadeild Háskóla Íslands og framboði á fjarnámi. Auka þarf stöðugildi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum, efla náms- og starfsfræðslu og auka framboð náms- og starfsráðgjafa til handa almenningi í landinu. Þá er hægt að tala um samfellu í skólakerfinu – frá námi til starfs, frá æsku til fullorðinsára – þar sem markviss kennsla og þjónusta er til staðar fyrir einstaklinginn.

Ég endurtek þau orð úr ársskýrslu 2005 að unnið hefur verið að því að skerpa faglega ímynd okkar og mörg tækifæri hafa gefist til að láta rödd náms- og starfsráðgjafa hljóma og eftir því hefur verið tekið. Margir hafa lagt hönd á plóginn í starfsemi félagsins í vetur og gert það með ánægju þrátt fyrir annríki dagsins. Fyrir það ber að þakka!

Tíminn er afstætt hugtak. Tvö ár eru liðin frá því að ég tók við embætti formanns Félags náms- og starfsráðgjafa. Þau hafa svo sannarlega verið viðburðarrík, krefjandi og gjöful. Á þessum tímamótum ætla ég að stíga úr formannsæti. Það hefur verið mér sönn ánægja að starfa fyrir Félag náms- og starfsráðgjafa og vinna mikilvægum málum náms- og starfsráðgjafa fylgi. Ég vil fá að þakka félagsmönnum sérstaklega fyrir þann stuðning og traust sem þið hafið sýnt mér í starfi mínu sem formaður og fyrir ánægjulegt samstarf. Ég met það mikils. Ég vil, að lokum, þakka því dugmikla fólki sem hefur starfað með mér í stjórn og fræðslunefnd, fyrir þeirra framlag og hugmyndir.

Ég óska nýjum formanni, stjórn og fræðslunefnd alls hins besta í þeim verkefnum sem framundan eru. Ég veit að félagið verður í góðum höndum og félagsmenn munu styðja þá sem veljast til forystu fyrir þeirra hönd.

Áfram skal haldið – og gengið til góðs!  
Reykjavík, 23. apríl 2006

---

Jónína Kárdal  
formaður Félags náms- og starfsráðgjafa